



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Hallsvegur - tvær göngupveranir merktar sem gangbrautir

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að tvær göngupveranir við Hallsveg verði merktar sem gangbrautir.

Göngupveranirnar verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Í samræmi við 84. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019 með áorðnum breytingum, óskar Vegagerðin eftir því að göngupveranir í stöðvum 1 040 og 1 320 verði merktar sem gangbrautir. Tillagan var unnin í samráði við umferðaröryggissérfræðing á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Töluvert er um að óvarðir vegfarendur þveri Hallsveg á þessum stöðum í dag sem sjá má m.a. á gögnum Strava, en þar eru ómerktar göngupveranir með miðeyjum. Gangbrautirnar tengja betur saman hverfið, en t.a.m. er öðru megin Hallsbrautar grunnskóli og hinum megin íþróttasvæði og sundlaug. Samhliða breytingum á gerð þverunar er ætlunin að endurskoða lýsingu til samræmis við kröfur um lýsingu á merktum göngupverunum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
starfandi deildarstjóri samgangna

Hjálagt:

1. Tillaga vegapjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar til samþykktar um að göngupveranir á Hallsvegi verði merktar sem gangbrautir, dags. 24. júní 2022.

**Reykjavíkurborg**{ thorsteinnrh@reykjavik.is / usk@reykjavik.is }**Til samþykktar: Tillaga Vegaþjónustudeildar Vegagerðarinnar um tvær nýjar gangbrautir á Hallsveg 432-01**

Með vísan til 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 varðandi „Sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.“ sendi ég undirritaður hér með til samþykktar hjá Reykjavíkurborg og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tillögu vegaðjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um tvær nýjar gangbrautir á Hallsveg 432-01. Um er að ræða nýjar gangbrautir í stöðvum 1040 og 1320.

Tillagan er gerð að beiðni Höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar. Helstu rök fyrir nýjum gangbrautum á þessum stöðum koma fram í meðfylgjandi tillögu og eru samkvæmt minnisblaði Katrínu Halldórsdóttur hjá Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar.

Síða 1/1

Hallsvegur liggur í gegnum íbúðahverfi, t.d. er öðrum megin Hallsvegar grunnskóli og hinum megin er íþróttahús og sundlaug. Mikilvægt er að tryggja öruggar gönguleiðir yfir Hallsveg, en töluvert austar á Hallsvegi er hægt að þvera hann um undirgöng.

Það telst því nauðsynleg umferðaröryggisráðstöfun að merkja gönguþveranir við stöðvar 1040 og 1320 á Hallsvegi með upplýsingamerkinu D02.11 Gangbraut. Samhliða því þarf að setja viðeigandi yfirborðsmerkingungar samkvæmt kafla 8.3 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar, Yfirborðsmerkingar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Ragnarsson
Verkefnisstjóri
Vegaþjónustudeild

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

[vegagerdin](https://www.vegagerdin.is)
[@vegagerdin.is](https://www.vegagerdin.is)

Tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um nýjar gangbrautir á Hallsveg 432-01

Þetta er tillaga vegþjónustudeildar þjónustusviðs Vegagerðarinnar um nýjar gangbrautir á Hallsveg 432-01. Gangbrautirnar komi í stöðvar 1040 og 1320.

Beiðni hefur borist frá höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar um nýjar gangbrautir samkvæmt ofangreindu. Þessi tillaga er unnin alfarið samkvæmt hugmyndum höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar.

Á minnisblaði fylgjandi nefndri beiðni kemur eftirfarandi fram:

„Í samráði við Höskuld Rúnar Guðjónsson, samgönguverkfræðing hjá Umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, og eftir umfjöllun um umferðaröryggismál í vinnuhópi Vegagerðarinnar, er talið æskilegt að merkja gönguþveranir við stöðvar 1320 og 1040 við Hallsveg með upplýsingamerkinu D02.11 Gangbraut. Samhliða því þyrfti að setja viðeigandi yfirborðsmerkingungar samkvæmt kafla 8.3 í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar, Yfirborðsmerkingar, Merkingar þverum á akbraut, kafla 8.3.3 Gangbraut. Á þessum stað sýna t.d. göng frá Strava að mikið er gengið yfir gönguþveranirnar sem eru í dag ómerktar gönguþveranir með miðeyjum. Hallsvegur liggur í gegnum íbúðahverfi, t.d. er öðrum megin Hallsvegar grunnskóli og hinum megin er íþróttahús og sundlaug. Mikilvægt er að tryggja öruggar gönguleiðir yfir Hallsveg, en töluvert austar á Hallsvegi er hægt að þvera hann um undirgöng. Samhliða uppsetningu merkja D02.11 Gangbraut mun lýsing við þveranir verða endurskoðaðar. Jafnframt verður óskað verður eftir því að Reykjavíkurborg fjarlægji tengingar að Hallsvegi við stöðvar 1210 og 890 til þess að leiða óvarða vegfarendur um merktar þveranir yfir Hallsveg.

Samkvæmt 84. gr. ber veghaldara að hafa samráð við sveitarstjórn varðandi varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, ásamt fengnu samþykki lögreglu. Þetta sérákvæði um notkun vega gildir um gangbrautir og er því óskað eftir að þjónustusvið Vegagerðarinnar leiti samþykks sveitarstjórnar og lögreglu áður en verkið verður unnið.

F.h. Höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar
Katrín Halldórsdóttir

Tillagan hefur fengið umfjöllun umferðaröryggisdeildar án athugasemda.

Tillagan hefur fengið umfjöllun og samþykki framkvæmdastjóra þjónustusviðs Vegagerðarinnar

Tillagan er hér með send viðkomandi sveitarfélagi og lögreglu til samþykktar.

Júní 2022


Guðmundur Ragnarsson
Verkefnastjóri
Vegþjónustudeild

